

## Reglur um stuðning í húsnæðismálum

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur staðfest *Reglur um stuðning í húsnæðismálum*. Þetta er gert í samræmi við breytingar sem voru gerðar á 45. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Þær gera sveitarfélögum skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning í stað sérstakra húsaleigubóta. Í reglunum er einnig kveðið á um sérstakan stuðning vegna 15 - 17 ára leigjenda á heimavistum, námsgörðum eða almennum markaði. Reglurnar koma í stað eldri reglna um sérstakar húsaleigubætur frá 2014.

## Sælingsdalslaug

Opnunartímar í Sælingsdalslaug frá 1. september eru

þriðjudagar eldri borgarar kl. 15:30 - 17:00

þriðjudagar kl. 17:00 - 19:00

miðvikudagar kl. 17:00 - 22:00

fimmtudagar kl. 15:00 - 18:00

laugardagar kl. 14:00 - 18:00

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum er auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum ([www.ungmennabudir.is](http://www.ungmennabudir.is)).

## Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin kl. 10-14 alla virka daga. Símatími er kl. 9 - 13 alla virka daga og síminn er 430 4700. Netfangið er [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is)

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Opnunartímar safnsins eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Síminn er 430 4720 og netfangið [bokasafn@dalir.is](mailto:bokasafn@dalir.is).

## Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.



# DALAPÓSTURINN

9. tölublað, 10. árgangur

1. september 2017

## Seinkun skólabíla á miðvikudögum

Samþykkt hefur verið í fræðslunefnd að seinka skólabílum einn dag í viku, á miðvikudögum, til kl. 16:30. Byrjar það fyrirkomulag 6. september og verður til 29. nóvember.

Markmiðið með þessu er að bæta aðgengi barna, sem fara með skólabílum til og frá skóla, að íþróttum og tómstundum. Meðal þess sem verður í boði fyrir börnin er fræðsla á vegum slysavarnadeildar Dalabyggðar, félagsmiðstöð, skátastarf, fermingarfræðsla fyrir fermingabörn, leikjanámskeið og íþróttæfingar. Tómstundastarfið verður í boði fyrir öll börn grunnskólans.

Starfið fer ekki allt fram á skólalóðinni og ef foreldrar þurfa upplýsingar varðandi starfsemina er hægt er að nálgast þær hjá skólaritara í síma 430 4757 eða senda póst á [jonina@audarskoli.is](mailto:jonina@audarskoli.is). Ítarlegri upplýsingar verða sendar til foreldra í byrjun september.

Börnin geta fengið síðdegishressingu um kl. 15. Það þarf að skrá börnin í síðdegishressingu og kostar hún 174 kr á dag. Gæsla verður í boði kl. 15:10-16:30, fyrir þau börn sem fara heim með skólabílum, sem vilja ekki taka þátt í því tómstundastarfi sem verður í boði.

Athugið að foreldrar barna á leikskólanum, sem ferðast með skólabílum, þurfa að sækja um lengri tíma í vistun á miðvikudögum, það er ef þau ætla að nýta skólabílinn heim þann dag.